

Fyrirspurnir varðandi útboð Auðlindatorgsins

Hér að neðan eru svör við fyrirspurnum sem bárust Umhverfisstofnun og varða útboð Auðlindatorgs:

Spurt var hvort gert væri ráð fyrir einhverjum tekjumöguleikum í rekstri kerfisins, þar sem tekið var fram að nýr rekstraraðili leggi til vinnukraft og greiði kostnað af hýsingu og rekstri.

Svar: Nýjum rekstraraðila er velkomid að þróa hugmyndina og rekstarhlið torgsins. Til dæmis hvort seld væru auglýsingapláss inni á síðunni.

Spurt var hvað yrði um verkefnið að afloknu tveggja ára samstarfsverkefni við Umhverfisstofnun? Hvort það yrði þá eign og alfarið á forræði rekstraraðila eða hvort Umhverfisstofnun muni framlengja samstarfið?

Svar: Umhverfisstofnun sér fyrir sér að nýr rekstararaðili taki alfarið við rekstri Auðlindatorgsins að útboði frágengnu og frá því að samningur um fjárstyrk til markaðssetningar er gerður. Nýr rekstraraðili þarf að geta sýnt fram á það að geta rekið Auðlindatorgið í að minnsta kosti tvö ár. Samstarfið við Umhverfisstofnun felur í sér fjárstyrk að hámarki 2.500.000 kr fyrir útlögðum kostnaði við gerð kynningarefnis og markaðssetningu torgsins árið 2018.

Fyrirspurn barst um hvort einhverjar kvaðir eða skilyrði hvíldu á verkefninu vegna styrkja frá hinu opinbera eða fjölþjóðlegum sjóðum?

Svar: Nei.

Í framhaldi barst fyrirspurn um hvort heimilt væri að leita styrkja frá hinu opinbera eða öðrum aðilum til reksturs og þróunar verkefnisins?

Svar: Já. Umhverfisstofnun sér ekkert því til fyrirstöðu.

Spurt var síðan hvort það væri höfundaréttur á vefkerfinu, útliti eða hlutum þess sem getur torveldað breytingar eða víðtækari notkun?

Svar: Nei.

Fyrirspurn barst varðandi hvernig Umhverfisstofnun sér fyrir sér að rekstraraðili fjármagni rekstur, þjónustu, þróun og viðhald?

Svar: Þetta útboð gerir ráð fyrir því að nýr rekstraraðili taki alfarið við rekstrinum og sjái því um rekstraráætlun, þróun og þjónustu við Auðlindatorgið. Framlag Umhverfisstofnunar er því einskorðað við fjárstyrk og samstarf við markaðssetningu.

Að lokum var spurt hvernig Umhverfisstofnun hyggst haga samstarfi við nýjan rekstraraðila?

Svar: Samstarfið við Umhverfisstofnun felur í sér fjárstyrk að hámarki 2.500.000 kr fyrir útlögðum kostnaði við gerð kynningarefnis og markaðssetningu torgsins árið 2018 ásamt hugmyndavinnu þar um. Stofnun er einnig tilbúin til samtals og ráðgjafar við þróun Auðlindatorgsins á komandi árum.